

Farsæl tenging vísinda og atvinnulífs



Samstarf Háskóla Íslands og Matis ohf. á liðnum árum hefur verið farsælt og stuðlað að verðmætasköpun í matvælaíðnaðinum hér á landi auk þess að undirbúa afbrigðs vísindamenn fyrir störf í tengslum við matvælafræði. Matvælafræðin er ört stækkandi grein og kröfur um framúrskarandi menntun og þekkingu verður háværing með degi hverjum enda snertir greinin neytandann með margvíslegum hætti.

Þekking starfsmanna beggja aðila er mikil í matvælafræði, líftækni og erfðafræði og því er mikilvægt að samnýta þekkinguna í tengslum við nýsköpun og aukna verðmætasköpun. Þessi samningur mun leggja grunn að enn frekari eflingu fræðilegrar og verklegrar menntunar á sviði matvælarannsóknna auk þess að efla samstarf á öðrum sviðum kennslu og rannsókna. Samkomulagið er mikilvægt skref í átt að formlegu samstarfi Matis og Háskóla Íslands um samnýtingu aðfanga, innviða rannsókna og mannauðs.

Stefna HÍ og Matis er að vera í fararbroddi á þeim fræðasviðum sem samningurinn tekur til.

Markmið og hlutverk samningsaðila

- Efla fræðilega og verklega menntun háskólanema á þeim fræðasviðum sem samningurinn tekur til.
- Auka rannsóknir á sviði matvælafræði, matvælaferkfræði, líftækni og matvælaöryggis og vera jafnframt í fararbroddi í nýsköpun á þessum fræðasviðum.
- Vera leiðandi á völdum sérfræðisviðum og hafa faglega sérstöðu í því skyni að laða að nemendur og fræðimenn á alþjóðlegum vettvangi.
- Tryggja að gæði rannsókna samningsaðila séu sambærileg á við það sem best gerist á alþjóðlegum vettvangi.
- Nýta möguleika til samrekturs tækja í þágu sameiginlegra verkefna.
- Fjölga nemendum í grunn- og framhaldsnámi á fræðasviðum samningsins.



Matis ohf. er stærsta rannsóknafyrirtæki landsins á sviði matvælarannsóknna og matvælaöryggis. Stefna fyrirtækisins er að efla samkeppnishæfni íslenskra afurða og atvinnulífs, bæta lýðheilsu, tryggja matvælaöryggi og sjálfbæra nýtingu umhverfisins með rannsóknum, nýsköpun og þjónustu á sviði matvæla, líftækni og erfðatækni.

Háskóli Íslands hefur mótað sér stefnu til ársins 2016, þar sem m.a. er lögð áhersla á doktorsnám, framúrskarandi rannsóknir og kennslu, auk áherslu á samstarf við stofnanir og fyrirtæki eins og *Matis*. Á vegum HÍ eru stundaðar víðtækar rannsóknir og kennsla á þeim fræðasviðum sem *Matis* fæst við, einkum á vettvangi heilbrigðisvísinda- og verkfræði- og náttúruvísindasviða skólans.

Gildistími samningsins er fimm ár. Nánari upplýsingar veita Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands og Sveinn Margeirsson, forstjóri *Matis*.

